

Mál nr. 17/2007

M og
V-1 v. A og
V-2 v B

Árekstur bifreiða í Kjarrhólma í Kópavogi þ.7.10.2006 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.1.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.972/06
3. Tjónaskýrsla dags. 7.10.2006
4. Bréf V-1 dags. 20.12.2006 og 26.1.2007
5. Bréf V-2 dags. 31.1.2007

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna á bifreiðastæði við Kjarrhólma í Kópavogi. B var ekið eftir bifreiðastæðinu framhjá A sem var í stöðureit og beið færís að bakka. Eftir að B hafði ekið framhjá A stöðvaði ökumaður B bifreiðina og ók henni síðan aftur á bak og í sama mund var A að aka út úr stöðureit og lenti A í vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa verið byrjaður að bakka og séð þá hvar B var ekið aftur á bak og hafi hann þá stöðvað en ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa verið að bakka til að komast í bílastæði þegar A hafi bakkað í vinstri hlið B

Álit.

Báðir ökumenn bökkuðu í umrætt sinn án þess að sýna nægjanlega varúð. Hvougur ökumanna gætti þeirrar víðtæku varúðarreglu sem sett er um bifreiðar sem aka aftur á bak. Ekki verður séð að unnt sé að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík. 27.2.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.